

# TOLLI OG LANDIÐ

„Sjáðu pensildrættina, /hvernig þeir bylgjast um heiminn“

(Einar Már Guðmundsson – Pensildrættir blámans, 1991)

Fyrir tæpum þremur áratugum, þegar Þorlákur Hilmar Morthens stundaði nám við nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands, meðfram því sem hann þandi raddböndin með rokkhljómsveit í þágu frelsis, jafnréttis og bræðralags farandverkamanna, hefur örugglega ekki hvarflað að honum að framtíð hans yrði samofin því „borgaralega hallærislega fyrirbrigði“ , íslenska landslagsmálverkinu.

Þegar Þorlákur Hilmar – Tolli – útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1983, eftir nokkuð svo stormasama skólavist, virtist hann öllu líklegri til að bera sig eftir kassagítar sínum eða flökunarhníf heldur en pentskúf og litaspjaldi. Þar að auki hafði nýlistadeildin sem Tolli tilheyrði lagt áherslu á flest annað en olíumálverkið: gjörninga, bókagerð, kvikmyndir, hljóðtækni og ljósmyndun, og er þá fátt eitt nefnt af því sem þar var bryddað upp á. Ekki svo að Tolli hafi verið allsendis ókunnugur teikniblíi eða olíulitum. Sjálfur segist hann hafa teiknað í gríð og erg frá tíu ára aldri: „Þegar jafnaldrar mínir voru úti í fótbolta var ég inni að teikna...ævintýramyndir.“

Fimmtán ára gamall, á miðju gelgjuskeiði og erfiðleikatímabili heima fyrir, kastaði Tolli teikningum sínum hins vegar á glæ og hét því í þvermóðsku sinni að koma aldrei aftur nálægt listiðju. En eftir nokkurra ára slark á sjó og landi komst hann að þeirri niðurstöðu að „það væri engin framtíð í þessari vinnu og ég yrði að gera eitthvað í mínum málum.“ Tolli taldi sig enn geta teiknað og sótti því um Myndlista- og handíðaskólann. „Ég hugsaði með mér að ef ég kæmist í hann fengi ég námslán og þá gæti ég jafnvel farið í skóla í útlöndum. Þetta var mín lausn til að komast inn í samfélagið aftur.“ Inn í skólann komst Tolli og undirgekkst hefðbundið fornám um tveggja vetra skeið, uns nýlistadeildin seiddi hann til sín. Útskriftarverkefni hans var hljómplatan The Boys from Chicago með hljómsveitinni Íkarus.

Með sína takmörkuðu reynslu af málalartistinni var Tolli því óviðbúinn nýja expressjónismanum þegar hann brast á fyrir alvöru hér heima, segjum á árunum 1981-82, öfugt við ýmsa skólabræður hans og systur sem fengið höfðu inni í Myndlista- og handíðaskólanum á grundvelli óvæfengjanlegra myndlistarhæfileika. En sem betur fer fyrir Tolla voru slíkir hæfileikar ekki skilyrði fyrir hlutdeild í nýbylgjunni, þvert á móti. Eða eins og listamaðurinn segir, dálítið galgopalega, í viðtali frá 2001: „Það var atriði í byrjun ...að (nota) enga tækni – að mála ekki smart, ekki flott og ekki fallegt. Þegar settar voru upp sýningar var dálítið atriði að vera ekki búinn að mála fyrr en svona þremur dögum áður en við hengdum upp... Helst átti að nota hvað sem var og kaupa ekki olíuliti. Maður náði í eitthvað mauk og makaði á maskinupappír, mótatimbur eða whatever.“

## ...lúmskur máni og sjóskrýmsli

Tolli kom fyrst fram sem myndlistarmaður á samsýninu sjömenninga úr Myndlista- og handíðaskólanum í Norræna húsinu í Reykjavík árið 1982, að líkindum í óþökk skólans sem bannaði nemendum að sýna opinberlega meðan þeir væru enn skráðir til náms. Nemendur MHÍ höfðu þá um nokkurt skeið haft uppi andóf gegn skólastjóra sínum, Einari Hákonarsyni, sem hafði lýst því yfir að hann ætlaði að leggja niður nýlistadeildina. Eldri starfsbróðir sjömenninganna, Árni Ingólfsson myndlistarmaður, fylgdi sýningunni úr hlaði með formála sem gæti sem best verið eins konar stefnuskrá, manifest, fyrir nýja kynslóð listamanna. Um viðhorf og viðfangsefni sýnenda segir Árni, ívið flaumósa eins og vera ber: „(þeir) kjósa að mála það sem þeim finnst einkenna daglegar athafnir sínar og hugsun. Bleikt, orange, blátt, þunnt, þykkt. Gamall pappír, lakaléreft, húsamáling, allt má nota. Drukknar stúlkur, stór kynfæri, lúmskur máni og sjóskrýmsli, tala fyrir þá tilfinningu sem einkennir líf þessarar ungu myndlistakynslóðar í Reykjavík. Vinna alla vikuna á geðspitulum og skrifstofum, diskótek

um helgar og djamm fram eftir nóttu: Útkoma: Uppreisn, þar sem hver og einn á sér mjög persónulega túlkun...”

Að mati Árna fólu þessi viðhorf og aðferðir í sér viðnám gegn „heimi ofmiðlunar og hraða“. Jafnvel þótt listamaðurinn sé sannfærður um að allt sé forgengilegt og engin endanleg svör fyrirfinnist um tilgang þess að vera til, brýst hann út úr einangrun sinni á persónulegan hátt, heldur áfram leitinni að sjálfum sér „gegnum myndavélina, í spegli eða með hjálp annarra“. Í hinni nýju og tilvistarlegu málalaglist „stekkur figúran út á móti reglubundnu yfirborði myndflatarins, líkt og hún heimti frelsi frá efninu tilbúin til samvista við gerandann“.

Málverkin sem Tolli sýndi í Norræna húsinu 1982 hafa ekki varðveist nema á muskulegum ljósmyndum í fremur fátæklegri sýningarskrá. Þær gefa þó til kynna að hinn ungi listamaður hafi verið á svipuðu róli og margir félagar hans, nema hvað vinnubrögð hans eru á þessu stigi talsvert jarðbundnari og ljóðrænni en flestra þeirra. En þetta átti eftir að breytast. Mest er áberandi notkun Tolla á mótífum úr dýraríkinu. Um þau mótíf, sem eru helstu einkunnir nýbylgjumálaranna, segir Árni Ingólfsson í áður nefndri sýningarskrá: „Dýr eru notuð til túlkunar á „annarskonar“ eðli mannsins, þau draga fram fjölbreytni í kenndum hans.“ Raunar eru ýmiss konar dýr fastagestir í málverkum Tolla langt fram á tíunda áratuginn, ekki síst fiskar, fuglar, hross og sauðfé, að viðbættum furðudýrum úr hugskoti hans.

En það sem greinir á milli ungæðislegra málverka Tolla og flestra þeirra ungu málara sem komu fram á sjónarsviðið um þetta leyti er að meðan þeir byggja myndir sínar upp óskipulega eða órökrænt, með fólki og hlutum sem svífa í lausu lofti, öfugt eða allavega, þá staðsetur Tolli dýrauppákomur sínar settlega í einhvers konar stílfærðri náttúru, með lauf og grös allt um kring og fjöll og skjábolstra í baksýn. Það virtist ekki auðvelt fyrir fyrrverandi farandverkamanninn að hrista af sér náttúruna sem hann hafði upplifað við öll möguleg veðurskilyrði á ferðum sínum um landið.

## Meðal þýskra óargamálara

Framhaldsnám Tolla í Listaháskóla Berlínarborgar, undir handleiðslu þýska óargamálarans Karls Horst Hödicke, varð einungis til að staðfesta fyrir honum að affarasælast væri fyrir listamann að sækja myndefni sitt í þann veruleika sem hann þekkti best. Þó var Tolli ekki alveg ósnortinn af vinnubrögðum læriföður síns – sem hann hitti raunar aðeins í mýflugumynd – eins og sést af málverkum hans frá 1983-88. Dauðadimmir litir Hödicke hafa síast inn í mörg þessara málverka, sömuleiðis fremur harkaleg formskipan hans, borin uppi af breiðum og grófum pensildráttum. En glíman við „alvöru“ málverk virðist hafa vakið með Tolla hugleiðingar á tilvistarlegum nótum. Hvert átti íslenskur málari að beina sjónum sínum á því herrans ári 1985? Í stað þess að fylgja í humátt á eftir alþjóðlegum straumum í nýja málverkinu, annaðhvort óargamálverkinu þýska með sína sterku pólitísku skírskotun eða „þver-framúrstefnunni“ ítölsku (transavantgardía), með áherslu á einstaklingsbundnar goðsagnir, að ógleymdum bandarískum eða breskum útgáfum þessarar hreyfingar, tók Tolli meðvitaða ákvörðun um að „sækja í það sem (hann) átti“. Í viðtali segist hann hafa gaumgæft það sem eldri málara á Íslandi höfðu verið að gera í tímans rás, og á þá að öllum líkindum við myndlist kreppuáranna. „Menn voru að vinna með goðsagnir úr sínu umhverfi, þeir máluðu krána sína, húsið sitt – og náttúruna allt um kring.“

Á fyrstu árum nýja málverksins á Íslandi voru þeir Tolli og Georg Guðni nánast þeir einu sem lögðu út af íslenskri náttúru, hvor með sínum hætti. „Á þessum tíma var tabú að mála íslenska náttúru og það voru ekki margir af minni kynslóð sem gerðu það. Þetta mæltist ekkert vel fyrir og þótti dálítið hallærislegt.“ En Tolli hófst handa við að steypa saman minningum sínum og hugmyndum um landslag og fann strax að „það var dínamik í þessu“.

Í upphafi er landslagssýn Tolla nátengd hugmyndum um mannvist. Einn af fáum listmálurum virtist hann skynja inntakið í róttækri landslagssýn Kjarvals, sem í helstu landslagsmyndum sínum skilgreindi merkingu „staðar“ sem samantekt alls þess sem tengist ákveðnum stað eða gerist á eða í námunda við hann. Því er það sem við sjáum samankomin í einni og sömu fjallsmynd Kjarvals riss af staðbundnum vættum, álfum og huldufólki, prófílmmyndir af ábúendum við fjallsrætur – bæði núverandi og fyrrverandi – skissu af stráknum sem færir listamanninum nesti og mjólkurdreitil um hádegisbil, tákni á borð við hörpu eða skip sem virðast hluti af ljóðrænu líkingamáli listamannsins, og loks litaspjald, sem er staðfesting þess að sá sem hér heldur um pentskúf er orðinn hluti af heildarmerkingu fjallsins sem hann málar. Hugsanlega hefur Tolli einnig hnusað uppi keimlíkar hugmyndir þýska nýbylgjumálarans Anselms Kiefer um landslag, en hann lýsti því eitt sinn yfir að merking staðar breyttist til frambúðar um leið og skriðdrekaheild færi um hann.

## Landslag og mannvist

Í flestum landslagstengdum málverkum Tolla frá níunda áratugnum á sér stað stöðug víxlverkun milli hins náttúrulega og manngerða. Vörðurnar í þessum myndum eru allt í senn viðaukar við náttúruna, vegvísar fyrir villugjarna og minnismerki um íslenska alþýðu, ef til vill hversdagshetjurnar sem Jón Kalman Stefánsson fjallar um í skáldsögum sínum. Alls staðar slá náttúra og siðmenning neista hvert af öðru með ýmsum hætti, augnstungin hús eða óvirk siglingaljós á berangri segja okkur sögur af þjóð sem týnt hefur áttum, morknaðir hraukar af bókum við hengiflug eru minnisvarðar um gjaldþrot bókmennningar, að ógleymdum sérkennilegum málverkum Tolla af hrikalegu landslagi þar sem gítar-hausar svífa yfir vötnum: þetta er mitt lag. Hér er komið tilbrigði óforbetranlegs rokkara um hörpuna hans Kjarvals. Þar sem landslag, jafnvel þekktanlegt landslag (Langjökull, Arnarvatn, Hornbjarg...), birtist í myndum Tolla án táknrænna mannvistarleifa á borð við þær sem hér hafa verið nefndar, er það eftir sem áður eins og framlenging af áður nefndum viðhorfum: drungalegt, fráhrindandi og við það að leysast upp í frumeindir sínar. Óneitanlega er það kaldhæðnislegt að í „hallærislegum“ landslagsstemmum sínum skuli Tolla takast að tjá afstöðu pönk-kynslóðarinnar til efnishyggu, innantóms þjóðernisgorgs og pólitískrar spillingar í íslensku þjóðfélagi á níunda áratugnum með afdráttarlausari og beinskeyttari hætti en aðrir samferðamenn hans í nýbylgjunni. Vissulega voru margir þeirra betri málara en Tolla, en fáir höfðu til að bera viðlíka eldmóð. Árið 1987, fimm árum eftir að listamaðurinn sneri heim frá Berlín, var hann búinn að halda hvorki fleiri né færri en tíu einkasýningar.

Þegar líður á níunda áratuginn heldur annars konar landslag innreið sína í málverk Tolla, það sem kalla mætti heildrænt menningarlandslag. Í stað hins eintóna samspils tákna og náttúru, eða veglausra einstaklinga og náttúru, birtist okkur litríkt og margbrotið sambland öræfanáttúru, þéttbylis, mannlífslóru og atvinnuvega til sjós og lands, að viðbættum tilvitnunum í flóru og fínu landsins. Þarna er augljóslega um að ræða viðleitni Tolla til að skoða íslenskan veruleika í stærra samhengi en áður, um leið og þessi nýju verk endurspeglar aukið myndlistarlegt sjálfstraust listamannsins. Grófir, dökkir og tilbreytingarlitlir pensildrættir, dregnir með ódýrri iðnaðarmálningu, víkja fyrir „alvöru“ oliulitum úr túpum, samblandi af sléttmáluðum og áferðarmiklum flötum, yfirborðsteikningu sem er ýmist létt og leikandi eða gróf og tjáningarmikil. En ekki er síður nýmæli að myndskipaninni, sem nú tekur ekki lengur mið af hinum fremur jarðbundna „þýska skóla“, heldur er engu líkara en hér hafi Tolla gengið til liðs við töfraraunsæi ítalska nýbylgjumálverksins, og þá helst hið andríka og ófgafulla málverk þeirra Sandro Chia, Mimmo Paladino og Enzo Cucchi. Sýnu mest virðist Tolla líta til hins fyrstnefnda, sem framan af gerði töluvert út á viðáttumyndir með óræðri og allt að því súrrealískri atburðarrás: bosmamiklu mannfólki í frjálsu falli eða í miðjum skýstróki fyrirbæra sem eru í senn hversdagsleg og furðuleg. Jafnvel gæti Tolla, með örfáum fyrirvörum, tekið undir orð sem höfð eru eftir Chia við upphaf níunda áratugarins: „Ég er búinn að fara í gegnum konseptlist, naumhyggju, allt heila galleríið. Málverk okkar allra hefur notið góðs af allri þessari reynslu, við erum næmari málara fyrir vikið. Nú þegar okkur leyfist aftur að horfa á málverk, þá er það ekki bara málning sem blasir við okkur, heldur eitthvað allt annað...Málverkið er ekki lengur dauður hlutur, það hefur aftur öðlast útgeislun. Það stafar birtu af því. Það má eiginlega líkja því við kraftaverk. Algjört, áþreifanlegt og raunverulegt kraftaverk. Málverkið sjálft – blindramminn, striginn og málningin – er þungt. Þungt og sóðalegt. En það breytist í ljós.“

## Í annarlegu ljósi

Gott dæmi um þessar nýju áherslur Tolla er málverkið Vitjun (1990-91), mikill fleki sem augljóslega stendur listamanninum nærri, þar sem mynd af honum hefur birst í mörgum yfirlitsritum um verk hans. Þarna er um að ræða tryllingslega sjávar- eða fiskirísstemmningu, með svífandi fiskverkakonu eða „gyðju hafsins“ fyrir miðju, en undir henni, til hliðar við hana og utan í henni eru netadræsur, bátakoppur, akkeri, fiskar af ýmsum stærðum og gerðum, tætingislegir fiskimenn, en einnig óútskýranlegar viðbætur á borð við gluggapósta og klappstól, undir er úfið haf og harðhnjúskulegt íslenskt landslag í baksýn. Og af þessu öllu stafar köldu og annarlegu ljósi, sem er kannski það sem Chia átti við. Svo getur auðvitað verið að í þessu tilfelli séum við að leita langt yfir skammt að fyrirmyndum eða áhrifavöldum. Getur ekki verið að Tolla hafi einnig skoðað sjávarfantasíur hins vanmetna og stundum forsmáða Hafnarfjarðarmálara, Sveins Björnssonar? Það væri a.m.k. nógu gaman að tefla saman sjávarmyndum þessara tveggja ákafamanna á myndlistarvettvangi.

Allt um það stöndum við hér frammi fyrir landslagi í víðasta – og kjarvalskasta – skilningi þess fyrirbæris, hvers merking er summan af öllu sem þar á sér stað og hefur átt sér stað. En þegar gaumgæfð eru þau ósköp sem ganga á í málverkum Tolla á þessu tímabili, segjum frá 1989 til 1993, þá vaknar sú spurning hvort þessi hamfaramálverk drepji ekki á dreif þjóðfélagsgagnrýninni sem var framar öðru aðall fyrstu málverkanna. Var ekki Tolla farinn að hugsa meira um estetík og krítík en pólitík? Sá sem þetta skrifar man eftir umræðum í þessa veru á samkomum myndlistarmanna snemma á níunda áratugnum. Í annars jákvæðri gagnrýni Eiríks Þorlákssonar í Morgunblaðinu um sýningu Tolla í Listasafni ASÍ árið 1992, þar sem nokkur þessara „heildrænu“ málverka voru til sýnis, örlar til dæmis á efasemdum um að listamaðurinn sé á réttum kúrs, a.m.k. vill gagnrýnandinn ekki leggja mat á verkin: „Gildi þessa millikafla í list Tolla verður því ekki metið af neinni vissu fyrr en í ljósi þess sem á eftir kemur. Hins vegar er ljóst að hér er listamaðurinn að takast á við tæknilega möguleika málverksins öðru fremur, og hin þjóðfélagslegu gildi eldri málverka hans eru fjarri. Þetta kann að koma við ýmsa listunnendur, en það er eðli listarinnar að þróast, án þess staðnar hún fljótlega og því skiptir meira máli hvað er framundan en nákvæmlega hver staðan er hér.“

Þegar hér var komið sögu var Tolla augljóslega kominn á þá skoðun að mikilvægara væri fyrir myndlistarmann að rækta eigin garð og vera sjálfum sér samkvæmur en að ganga undir pólitísk jarðarmen; þetta áréttar hann í viðtölum á þessum tíma. Árið 2001 lýsir Tolla viðhorfum sínum í hnotskurn: „Ég (hef) þurft að sækja eftir stuðningi og fyrirgreiðslu hjá aðilum sem einhverjir myndu skilgreina hægra megin. Þar hef ég notið mikillar velvildar og skilnings og leyfi ég mér að draga þá ályktun að ég sé einstaklingshyggjumaður í reynd. Ég er athafnamaður og ég veit að það fer fyrir brjóstið á mörgum kollegum mínum – og kannski ekki síst þeim sem telja sig vinstriinnáða – að sjá Tolla svona rosalega markaðsvænan.“

## Á flæðiskeri tilfinninga

Víst er að með auknum vinsældum þurfti Tolla æ oftar að verja bæði viðhorf sín og vaxandi umsvif fyrir úrtölu- og öfundarmönnum, bæði fyrrverandi samherjum í pönkinu og pólitíkinni og starfsbræðrum í myndlistinni. En viðbrögð hans voru ævinlega hófstíll og laus við kergju. „Þetta er lítil hópur, návígi á milli myndlistarmanna er mikið og samkeppnin er hörð. Þegar einum gengur betur en öðrum þá er það oft þannig að menn fara að bíta í hælinn á þeim sem er fyrir framan. Ég get ekki neitað því að ég hef orðið var við að mörgum finnst helvítið hann Tolla vera alls staðar...Ég held það sé bara hluti af pakkanum. Ég held að það hafi í sjálfu sér ekkert að gera með mig persónulega.“

Einstaklingshyggja Tolla lýsti sér meðal annars í vaxandi áhuga á hreinu og kláru landslagi. En þegar kemur að því að skapa landslagsmyndir án þjóðfélagslegrar kjölfestu er eins og listamanninum fatist flugið, a.m.k. fyrst í stað. Fyrstu „frjálsum“ landslagsmálverk sín gerir Tolla árið 1992 og sinnir þeim fram á miðjan tíunda áratuginn, ásamt með einföldum „sveiflumálverkum“ í austurlenskum stíl. Enn og aftur er listamaðurinn stórtækari en þorri manna og ræðst til atlögu við mannhæðarháa striga með öllum handbærum penslum og litum. Um þessi verk segir Eiríkur Þorláksson í gagnrýni frá 1992: „Það litaspil sem birtist í mörgum verkanna kann við fyrstu sýn að minna nokkuð á handbragð Kristjánss Davíðssonar, en hér er nokkuð annað á ferðinni“. Sem eru orð að sönnu, því á þessu stigi hefur Tolla tæpast burði til að takast á við landslagsmálverk í anda Kristjánss. Vissulega vantar ekki litrófið, hraðann og leikgleðina í þessi málverk. Ágöllum þeirra er hins vegar best lýst með orðum Braga Ásgeirssonar, sem finna má í umsögn um Álafosssýningu Tolla frá 1994, en þar talar hann um „yfirborðsleg spunaverk tilfinningaflæðis“ og klykkir út með að segja: „Málarinn virðist einfaldlega nálgast myndefnið á of grunnfærðan hátt, þannig að litirnir liggja oftar utan á dúkunum en að þeir tengist lífæðum myndflatarins.“

Sem betur fer hefur Tolla tilhneigingu til að líta á neikvæða gagnrýni sem lexíu fremur en last. Á sýningu sem hann hélt í Hótel Selfossi árið eftir þessa ádrepu Braga sáust þess merki að hann hefði tekið landslagsmyndir sínar til endurskoðunar. Óheftur spuni vikur að mestu fyrir skipulega uppbyggðu landslagi, mótuðu með breiðum pensli eða sköfu, og litrófi sem varðveitir í sér eitthvað af dulúð og drunga málverkanna frá níunda áratugnum. Myndirnar eru nafnlausar en vísa meðvitað til íslenskrar landslagshefðar, eins og hún birtist í verkum þeirra Ásgríms, Kjarvals og Jóns Stefánssonar, ásamt myrkum landslagsstemmum þeirra Guðmundar frá Miðdal og Finns Jónssonar. En sterkasta einkennið á þessum mestmegnis húmdökku málverkum Tolla er samt birtan sem í þeim leynist. Í stað þess að drepa birtunni á dreif, eins og hann gerir í spunaverkunum hér á undan, lætur listamaðurinn hana flæða skipulega út frá miðbiki flatarins og út á jaðra hans. En hér er klárlega ekki um að ræða lýsandi og mótandi birtu hins hefðbundna landslags, eins og hún kom Ásgrími

fyrir sjónir, heldur ýkta og yfir-náttúrulega birtu sem ætlað er að gefa til kynna einhvers konar ójarðneskan frumkraft eða andlega hugljómun tengda náttúrunni. Hér er Tolli ekki einn á báti, heldur hluti af langri rómantískri hefð sem verið hefur lífseig meðal norðurevrópskra og amerískra listamanna. Raunar er hann ekki einn um þessa hitu hér á landi heldur, því freistandi er að tengja á milli þessara málverka og ljóssettaðra verka sem skólabróðir hans, Georg Guðni, var að gera um svipað leyti og í ekki ósvipuðu augnamiði, þótt aðferðir þeirra séu að sönnu gjörólíkar. En eins og Eiríkur Þorláksson benti á er þetta „viðkvæmt svið sem auðvelt er að misbjóða og leiða til væmni, eins og fjölmörg dæmi nýaldar-listar eru glögg merki um.“

## Landslag og goðsagnir

En eftirgrennslan Tolla eftir einhvers konar andlegri fullvissu eða fullnægju um miðjan tíunda áratuginn var ekki bundin við landslagið. Á áður nefndri sýningu hans í Selfossbíói var einnig að finna málverk með nýjum viðfangsefnum, sem Eiríkur Þorláksson vildi kenna við „goðsögulegt upphaf mannsins, þegar tákngildi lífsins voru enn virkur þáttur tilverunnar“. Ennfremur segir hann: „Þeir tákningar sem Tolli er tekinn að kanna í þessum nýjustu verkum sínum færa hann á nýtt svið, sem má ef til vill öðru fremur kenna við frumorkuna sem maðurinn jafnt sem náttúran byggir á; í henni ber að leita upphafsins, sem önnur þróun hefur hafist frá.“ Í þessum verkum, sem eru undanfarar hinna svokölluðu Stríðsmanna andans, er að finna kröftuglega málaðar kvenfígúror við ritúalíska iðkan, í bland við arftekni tákna á borð við fugla og griðunga. Landslag í þessum málverkum er nánast eingöngu til áréttingar hinna dramatísku atburða eða til uppfyllingar, myndar í besta falli einhvers konar myrkt og leyndardómsfullt einskismannsland út við ysta haf.

Stríðsmenn andans, myndröðin sem fylgir í kjölfarið, er með sérkennilegustu útdúringum á ferli Tolla. Þessi málverk sýna ævintýralegar verur, í senn mannlegar og dýrslegar, yfirleitt við aðstæður þar sem um líf og dauða er að tefla. Með bogann einan að vopni heyja þessar verur baráttu við ofurkrafta allt um kring, og er þá fyrir öllu að kunna að sleppa örinni á hárréttu augnabliki, væntanlega þegar hugurinn er uppfullur með kristaltært zen. Inni í þessa umfjöllun er blandað máluðum hugleiðingum um manndómsraunir og hreinsunarrítúöl hinna hugumstóru stríðsmanna, þar sem kemur við sögu frumorkan sem Eiríkur Þorláksson nefnir hér að framan. Þótt þessi verk standi strangt til tekið utan við þá landslagsumfjöllun sem hér er stofnað til – landslagið í þeim er mestmegnis tómarúm í ofskynjunarlitum – er ómarksins vert að grennslast fyrir um tilurð þeirra, ekki síst vegna þess að þau veita okkur innsýn í þankagang listamannsins á þessu tímabili.

Tolli hafði þá um nokkurt skeið stundað austurlenskar bardagaiþróttir, sýnt og dvalið meðal vina í Suður-Kóreu, og að auki lagt fyrir sig innhverfa ihugun. Austurlensk áhrif birtast sennilega fyrst í verkum hans árið 1992, röð spunamynda sem eru eins konar framlengingar á bardagaritúali á borð við Tae Kwon Do eða Karate. Þar leitast Tolli við að gera hárrétt tímasettar atlögur að striganum með pensil sinn að vopni, þannig að eftir standi sveiflur eða tákna sem feli í sér kraftbirtingar þeirra augnablika þegar þau urðu að veruleika. Fyrir svona vinnubrögðum eru markverð fordæmi, til að mynda aksjónmálverk franska listamannsins Georges Mathieu, sem var einnig hallur undir austurlenskar bardagalistir og trúarbrögð.

## Landslag í fjarlægð

En það er fleira sem hangir á spýtni. Tolli hefur sagt frá því að þessar myndir af stríðsmönnum andans hafi líka tengst áhuga hans á götumenningu unglunga, töktum og táknaði hipp-hoppandi stráka og stelpna, graffitimálverkum, öfgafullum tölvuleikjum og tónlistarmyndböndum þar sem alls kyns hetjur og andhetjur ríða um héruð, að ógleymdum áhuga hans á „alvöru“ alþýðuhetjum á borð við bardagamennina Bruce Lee og Múhamed Ali. En upprunaleg kveikja þessara málverka er samt persónuleg; hluti af sársaukafullu uppgjöri listamannsins við sjálfan sig í kjölfar misheppnaðs hjónabands. Stríðsmaðurinn er í raun annað sjálf listamannsins, sem dæmdur er til að lifa á ystu nöf, í lífsháskanum miðjum, ætli hann að rækja trúnað við listgáfur sínar, meðan allir þeir sem telja sig vilja honum vel, fjölskylda og samfélag, vilja gera við hann eins konar stöðugleikasáttmála. Ritúölin sem koma fyrir í mörgum þessara mynda munu síðan eiga að vera endurspeglun á ýmsu því sem Tolli tók sér fyrir hendur á þessu óvissu- og uppgjörstímabili til að öðlast frið innra með sér. Þar má nefna svitaböð að hætti amerískra indjana, föstur og síblyjusöng, eins og þann sem

austurlenskir munkar nota til að komast í annarlegt hugarástand til að finna sjálfa sig.

Hvernig sem þessi málverk koma áhorfendum fyrir sjónir, virðast þau hafa slegið á ókyrrðina innra með listamanninum. Síðasta málverk sitt af stríðsmanni gerði Tolli 1998, og í framhaldinu tók við nýtt fjölskyldumynstur og nýtt land. Undir aldarlok vildi listamaðurinn láta á það reyna hvort ekki mætti búa til áhuga á verkum sínum úti í Þýskalandi, nánar tiltekið í sínum gamla griðarstað, Berlín. „Í Þýskalandi er minn skóli – þýski expressjónisminn. Það er dálítið mín deild“, segir Tolli í viðtali árið 2001. Það er síðan í Þýskalandi sem nýr kafli í landslagsmálverki Tolla hefst. „Berlín gerði mig að landslagsmálara,“ segir málarinn fullum fetum.

Í hæfilegri fjarlægð frá heimalandinu gafst Tolla ráðrúm til að endurskoða forsendur og tilgang landslagsmálverksins. Eins og nokkrir aðrir starfsbræður hans, aftur kemur Georg Guðni upp í hugann, skynjaði Tolli að við aldarlok litu margir á Íslandi landslagsmálverkið öðrum augum en áður. Meira að segja þaulreyndir málarar af eldri kynslóð á borð við Eirík Smith fundu fyrir veðrabreytingu. Í viðtali frá 2002 segir Eiríkur: „Nú erum við sífellt að brjóta meira land undir byggð, vegi og virkjanir, jafnvel á stöðum sem þykja einstakir út frá náttúruverndarsjónarmiðum, og við þessar aðgerðir hlýtur landslagsmálverkið að öðlast nýja þýðingu. Kannski er ekki hægt að mála mikilvægari myndir á Íslandi í dag en af Kárahjúkum, Hágöngum og hvað þeir heita allir þessir umdeildu staðir á hálendinu.“ Stuttu eftir komuna til Berlínar talar Tolli í fyrsta sinn um landslagsmálverk sín sem hluta af „viðtækri umræðu sem á sér stað um víða veröld og verður ekki umflúin og snýst um sambúð manns og náttúru og framtíð barna okkar.“

## Tilbrigði um Einskismannsland

Landslagsmyndirnar sem Tolli gerði í Berlín eru hugsmiðar af tvennum toga. Annars vegar eru grámóskulegar nærmyndir af snarbröttum fjöllum með snjóalögum niður á miðjar hlíðar og kólubökkum yfir. Listamaðurinn nefndi þessar myndir tilbrigði um Einskismannsland og sagðist vera að loka hring sem hófst mörgum árum áður. „Ég hóf ferilinn á því að mála vörður og myndefnið í þessi nýju verk er sótt í svipuð viðfangsefni. Ég er að kveða sama stef. Nálgest heiðina, sjóndeildarhringinn. Þar er engan mann að finna. Það er í raun grundvallarþáttur í sjálfsmynd Íslendinga, þetta óendanlega rými fyrir einfarann.“ Nöturlegar lýsingar Tolla á íslensku landslagi eru ekki einasta óður til þeirra staða sem ekki skora hátt á náttúrufergurðarskalanum, en eru engu að síður ómissandi hlutar hinnar stóru heildar, heldur er líka undirliggjandi í umfjöllun hans sú skoðun að óblítt landslag auki mönnum táp og fjör. Hér kallast listamaðurinn aftur á við þá harðjaxla, Guðmund Einarsson frá Miðdal og Finn Jónsson, sem höfðu uppi sambærilegan áróður gegn „sumarlandi“ þeirra Ásgríms Jónssonar og lærisveina hans á fjórða áratug síðustu aldar. Tolli gengur raunar töluvert lengra en þeir því í nokkrum þessara verka hans eru dregnar upp eins konar tilbeiðslumyndir af hrikalegum tindum í uppleysandi ofurbirtu, þar sem beint eða óbeint eru sett samasemmerki milli þeirra og hins andlega heims.

En Tolli er sjaldnast einhamur, því meðfram þessum „fátónamyndum“, sem hann kallar svo, málaði hann fjöld málverka af íslensku landslagi sem að byggingu til svipar til málverkanna frá 1995, nema hvað nýju verkin loga í frumlitum stafna á milli og ekki spöruð breiðu spjótin þegar kemur að sjálfri málningarvinnunni. Markmið listamannsins virðist vera að fá út úr litum sínum eins mikla birtu og mögulegt er, án þess þó að missa jarðsamband, magna upp myndflötinn uns áhorfandann fer að verkja í augun. Ekki voru margir íslenskir listmálarar sem slógu upp viðlíka litaveislum í verkum sínum við upphaf nýrrar þúsaldar; einna helst minna þær á nokkrar villtustu litastemmur Svavars Guðnasonar frá sjöunda áratugnum. Þetta eru karlmannlega málaðar myndir, renna iðulega saman í kraftmiklar heildir þegar best lætur, en stundum er dálítið eins og litirnir „liggi utan á dúkunum“, svo aftur sé vitnað í umsögn Braga Ásgeirssonar.

Í viðtali er Tolli inntur eftir því hvernig honum gangi að mála íslenskt landslag í Berlín. „Ég sæk birtuna inn í mig. Mér finnst mjög gott að hafa þessa fjarlægð við viðfangsefnið vegna þess að ég er ekki að mála konkret landslag. Ég er ekki að mála ákveðinn tind eða stein heldur byrja ég yfirleitt á málverkunum á frjálsum spuna eða abstrakt litafláði sem kallar svo fram einhverja stemmningu sem ég rata í og get hermt upp á einhverja reynslu. Þegar ég mála finnst mér gott að hafa einhverja tilfinningareynslu til að leiðbeina mér; að geta elt pensilinn með einhverri tilfinningu. Þetta er dálítið eins og inúitarnir gera – þeir geyma steininn eða beinið í lófanum þar til steinninn eða beinið segir þeim hvað þeir eiga að gera.“

## **Þekkt og óþekkt landslag**

Eftir eins árs dvöl í Berlín ákvað Tolli að flytja heim á ný með fjölskyldu sinni, en vera áfram með annan fótinn í vinnustofu sinni í Berlín. Þessir flutningar höfðu ekki teljandi áhrif á myndlist hans. Landslagsmyndir voru áfram helsta viðfangsefni Tolla, ýmist „fátónalandslag“ af uppdikeytum fjallstindum eða fjallshlíðum í vetrarbúningi eða litaveislur á borð við þær sem lýst er hér að ofan, ýmist þekkt landslag eða nafnlaus tilbrigði um þekkta staði. Mörg þessara verka voru afrakstur af fjallaferðum listamannsins, bæði að sumar- og vetrarlagi, þar sem hann ýmist ljósmyndaði, teiknaði eða vann vatnslitamyndir af því sem fyrir augu bar og vann úr aðföngum sínum heima á vinnustofu.

Það var einmitt í tengslum við röð fjallaferða sem Tolli fór snemma á árinu 2003 í fylgd Ara Trausta Guðmundssonar jarðeðlisfræðings og rithöfundar, sem listamanninum gafst tækifæri til að skilgreina til hlítar viðhorf sín til íslenskrar náttúru og náttúrutengdrar myndlistar. Hugmyndin að samstarfi þeirra tveggja er ættuð frá Tolla, sem var að leita að rithöfundi eða „andans manni“ til að fara með sér á fjöll, setja saman texta um þær fjallaferðir og flétta inn í hann umræður þeirra um „listina, fegurðina, náttúruna og mannlífið ásamt ýmsum grundvallarspurningum varðandi heimspeki og trúarbrögð“, svo vitnað sé í viðtal við Tolla sem birtist í Morgunblaðinu. Þetta efni hafði hann hugsað sér að setja á bók, ásamt með eigin málverkum og náttúruljósmyndum tengdum þeim. Leiðir þeirra Tolla og Ara Trausta lágu saman á sýningu þess fyrrnefnda seint á árinu 2002, og fór svo vel á með þeim að þegar kom fram í mars 2003 höfðu þeir klifið saman Skessuhorn og Skarðshyrnu og ítrekað stundað ísklifur í Gígjökli og Eyjafjallajökli. Þess á milli fóru þeir félagar í léttari könnunarferðir um hálandið með liti, pappír og myndavélar í farteskinu. Afraksturinn var bókin Yzt, sem kom út í ágúst 2003 með textum þeirra Tolla og Ara Trausta á ensku, þýsku og frönsku og heilmiklu myndefni, þ.á.m. málverkum eftir Tolla frá tímabilinu 2000-2003.

Í upphafi bókar slær Tolli því föstu að leyndur þráður liggi milli allra Íslendinga, einkum og sérilagi listamanna, og landsins sem þeir byggja: „Listamenn komast ekki langt frá náttúrunni. Það eru einhver yfirskilvitteg öfl sem hafa þessi áhrif á okkur sem vinnum við myndlist. Þau okkar sem fara til útlanda skera á naflastrenginn en þá verður bara til nýr farvegur fyrir túlkun á íslenskrí náttúru. Hún er föst í sinni og hjarta flestra...Íslensk myndlist hefur fram á þennan dag verið bundin áhrifum frá landinu, ekki bara fjöllum og firindum heldur líka birtunni, en það er hin síbreytilega birta sem er á bak við töfra þessa lands“.

## **Regnbogi yfir til almættisins**

Í framhaldinu lýsir Tolli nánar ferlinu á bak við landslagstúlkun sína: „Öll fjöllin sem ég mála fyrirfinnast einhvers staðar á landinu, þótt ég geti ekki staðsett þau nákvæmlega...Ég byrja venjulega abstrakt, en þegar ég er kominn í gang þá kemur ósjálfrátt upp í hugann minning um landslag...En um leið og ég byrja að mála það, man ég ekki lengur hvers vegna það varð fyrir valinu. Ég kappkosta að fanga einhvers konar augnabliksstemningu, aðstæður eða andrúmsloft, sem gæti þess vegna tengst veðri, góðviðri eða vonskuveðri, kannski bara veðurhljóði eða öðrum náttúruhljóðum...“

Það sem framar öðru einkennir lýsingar Tolla á tilurð landslagsmynda sinna er ofuráhersla hans á bæði andlega og yfirnáttúrulega merkingu þeirra. Eða eins og hann segir í viðtali við útkomu bókarrinnar: „Að mála náttúruna (er) eins og regnbogi yfir til almættisins“. Ennfremur: „Margar (myndanna) eru af landslagi andans, og tilbeiðsla frá minni hendi. Það skiptir mig engu máli hvort ég mála fjall sem allir þekkja eða nafnlaust stöðuvatn. Á mínum heimaslóðum heitir sérhver hundapúfa og hóll eigin nafni og fólki finnst skipta máli að landslagið heiti eitthvað. Þess vegna leik ég mér stundum þegar ég er að gefa myndum mínum nöfn, þannig að það liggi ekki alveg í augum uppi hvaðan myndefnið er ættað“.

Ög síðan: „Flest fjöll eru heillandi. Það gerir lögun þeirra eða hæð, ljós og skuggar, aðdáun áhorfandans eða ótti. Flest fjöll fanga birtu með allt öðrum hætti en sléttlendið. Þegar maður horfir yfir víðáttur öræfanna eða á fjöllin í fjarska er maður þátttakandi í sýningu sem Guð hefur sett á svið“.

Loks: „Ég sanka að mér landslagsminningum til að vinna úr í myndum mínum, til að búa til úr þeim fjöllum, ef svo má segja. Þegar það gerist, og ég dreg landslagið upp úr forðabúri tilfinninganna og undirvitundinni og læt pensla og liti leiða ferlið til lykta, þá er ég í rauninni að lofsyngja æðri máttarvöld. Ég fer ekki í grafögötur með það“ ....Uppi á fjallstindi öðlast maður nýja sýn á umhverfi sitt, og hún gefur manni vængi. Maður skynjar allt í einu hversu lítill maðurinn er í samanburði við Guð; egóíð vikur fyrir einhverju sem er stærra en maður sjálfur. Á fjallstindi er eins og maður sé á flugi, í andlegum

skilningi. Ég reyni að öðlast hlutdeild í þessu flugi með því að mála fjöll og víðáttur og miðla tilfinningum mínum til áhorfandans, helst þannig að hann hrifist með mér”.

Í samtali vegna bókarinnar Yzt áréttar Tolli síðan að listamaðurinn eigi ekki bara andlegt erindi við eigin landslag: „Þegar þú málar einhvern stein úti á Mýrdalssandi þá er það samnefni fyrir alla steina heimsins, steina sem blökkubörn í Sómalíu klappa úti í eyðimörkinni eða ínúitinn klappar á klöpp á Grænlandi. Þetta er allt sama efnið, maður og náttúra. Stóra spurningin felst í rökræðunum sem skapast milli manns og náttúru”.

Þetta hefur Tolli síðan að segja af feegurðinni: „Það er ekki allt landslag jafn fallett í mínum augum, en feegurðin býr samt í heildinni, hvort sem um er að ræða lífið eða náttúruna. Feegurðin er ekki bara eitthvað snoturt; að draga fram feegurðina er það allra róttækasta sem þú getur tekið þér fyrir hendur í dag. Og þegar þú gerir það skynjarðu að þú átt hlutdeild í því besta sem tilveran hefur upp á að bjóða”.

„Frásögn“ hefur lengi verið bannorð meðal nútímamálara. Tolli er ekki á meðal þeirra: „Það er frásögn að finna í verkum flestra íslenskra listamanna. Í bakgrunni er alltaf sjóndeildarhringur og þar verður eitthvað til sem fær á endanum útrás í verkinu, eða gefur eitthvað í skyn sem okkur er ætlað að botna”. Sjálfur segist hann óhikað nota frásagnargáfuna í myndlist sinni: „Ég hef eiginlega aldrei málað abstrakt, vegna þess að ég er alltaf að reyna að segja sögur í myndum mínum...Kannski er ég að reyna að brúa bilið milli abstraktmálverksins og þeirra náttúruupplifana sem ég hef orðið fyrir og geymi innra með mér”. Í bókinni talar hann iðulega um landslagsmálverk sín sem frásagnir af könnunarleiðangrum þar sem birtan er í aðalhlutverki: „Ég er í hlutverki leiðsögumansins og minn vettvangur er striginn. Mitt er að draga fram hið náttúrulega, hvort sem það á sér fyrirmynd eða ekki...Þegar ég hefst handa hugsa ég ekki langt fram í tímann, fyrst velti ég fyrir mér hvernig ljósið og skuggarnir koma út. Ljósið segir fyrir um framvindu frásagnarinnar. Og ljósið er síbreytilegt, sem er lykhillinn að galdri íslenskrar náttúru. Hugmyndin liggur fyrir, restin veltur á sjálfri málningavinnunni. Ég get ómögulega sagt fyrir um það hvernig fjöll og dalir koma til með að líta út í endanlegu málverki. Ég bæti alltaf einhverju við þekktanlegt landslag”.

## Í feegurð hins smáa

Í bókinni Yzt er að finna margar bestu landslagsmyndir Tolla til þessa, einkum og sérílagi myndirnar frá 2002-3. Það á sérstaklega við um „litaveislurnar“ sem svo hafa verið nefndar. Þær eru nú samræmdari í litum og heildstærðari að formi. Í vel heppnuðum málverkum eins og Bláir skuggar (2003) og Bláar nætur (2003) (bls. 68-71 í Yzt) kallast Tolli á við einn helsta meistara hins íslenska fjallabláma, Louisu Matthíasdóttur, og í Heitt ljós (2003) dregur hann saman í upptendraða heild tilfinninguna sem fylgir því að berja augum stað eins og Landmannalaugar eða Námaskarð í allri sinni dýrð (bls. 128-29 í Yzt).

Undanfarin sjö ár hefur Tolli farið mikinn í landslagsmálverki sínu, án þess að breyta ýkja mikið út af þeim aðferðum sem hér hafa verið tíundaðar. Oftar en ekki fæst hann við að mála þekkt og/eða þekktanlega staði, byggir megináherslu - himinn, fjöll og vötn - upp með breiðum pensli og stórum órofa flötum og sterkum litum, en leggur nú í auknum mæli áherslu á nákvæma útlistun smágerðra forma í forgrunni: grasa, steina eða hrauns. Við það myndast sjónræn spennan milli hins stórbrotna og smáa, sem er hluti af aðdráttarafli myndanna. Að því leyti er hann ekki í órafjarlægð frá íslensku landslagshefðinni, eins og hún birtist í verkum Kjarvals. Enda hefur Tolli oft og iðulega lýst yfir aðdáun sinni á forverum sínum í íslenskri myndlist. Í Yzt segir hann á einum stað: „Þegar ég mála landslagsmynd er ég að flytja máttarvöldunum mína privat þakkargjörð, en ég er líka að votta landslagshefðinni hollustu mína, þessari sérstöku íslensku hefð sem er helsta framlag okkar til alþjóðlegrar myndlistar.”

Eitt mótið, eyðibýlið, kemur nokkuð regulega fyrir í nýrri myndum Tolla af dalshlíðum og tindum. Það er raunar upprifjun á gömlu móti sem birtist reglulega í fyrstu olíumálverkum hans, og virðist þá vera tákni fyrir menningarlega eyðilandið Ísland, sem hinum róttæka listamanni er sérstaklega uppsígað við. Í hinum litríku nýju myndum er eyðibýlið gjarnan sýnt í aftanskini eða kvöldhúmi og kemur áhorfandanum fyrir sjónir eins og minnisvarði um horfna tíð, ekki horfnar hugsjónir. Þar með er ekki sagt að hugsjónir skipti Tolla minna máli en áður. Í tímans rás hafa þær hins vegar runnið saman við tilfinningar og ímyndunarafli listamansins, og aukið á næmi allra skilningarvita, jafnt líkamlegra sem siðferðilegra. Tolli hóf myndlistar-feril sinn með því að mála beinakerlingar á íslenskum öræfum, nú langar hann frammar öðru til að mála



„andardrátt alheimsins“. Þetta er orðin býsna löng vegferð fyrir listamann á besta aldri.

## Painter Tolli's Vision of Landscape

„See the brushstrokes/ how they sweep across the world“

(Einar Már Guðmundson- The brushstrokes on the blue horizon, 1991)

Almost three decades ago, when Þorlákur Hilmar Morthens studied at the department of experimental arts of The Icelandic College of Arts and Crafts, all the while performing with a politically motivated rock band, he would not have foreseen that his destiny would someday be tied up with that most „bourgeois and outdated“ of art forms, landscape painting.

When Þorlákur Hilmar – better known as Tolli – graduated from the ICAC in 1983, after a somewhat chequered performance, he was more likely to make his presence felt as a part-time musician, political activist or fisherman than as a practitioner of the fine art of painting. In art college he had mostly studied performance art, book art, film and photography, anything but painting. Not that he was entirely unfamiliar with drawing and painting; as a boy he had been an avid draughtsman. He later recalled: „When my friends were out playing football, I stayed inside covering reams of paper with my fantasies“.

At the age of fifteen, in the middle of puberty and a troubled family life, Tolli threw out everything he had drawn, five years work, and vowed never to touch pen or brush again. But following a long period of irregular work, mostly hard labour on land and sea, Tolli realized that „there was no future in work of this kind and I had to do something about my situation.“ Convinced he hadn't lost the knack of drawing, he applied to the ICAC. „I thought that if I got in, I would be eligible for a student grant and might eventually get to study abroad. This was my ticket for re-entry into society, so to speak.“ Tolli was accepted by the art school and entered the two-year preparatory course before succumbing to the lure of the experimental arts. His graduation project was an LP of original rock music entitled The Boys from Chicago, performed by a band calling itself Icarus.

With his limited exposure to oil painting, Tolli was ill prepared for the onslaught of new expressionist painting in the early 1980s, unlike many of his fellow art students who had been accepted into the ICAC on the basis of their undoubted painterly abilities. Fortunately for Tolli, such abilities were not a prerequisite for participation in New Expressionism, quite the opposite. In an interview from 2001, somewhat tongue in cheek, Tolli described the prevailing attitude to the painting process: „In the beginning we made a show of not using „fine technique“, we weren't supposed to paint cleverly, be flash or aim for beauty of any kind. When we mounted our exhibitions, we would pride ourselves on finishing the work that we were showing at the very last minute...We bypassed regular oil paint, instead we picked up all sorts of industrial stuff to paint with. You just found some gunge and smeared it on whatever was at hand, wrapping paper, bits of timber from industrial sites or whatever.“

Tolli made his debut as a painter in a group show of seven students from the art college, held in Reykjavik's Nordic House in 1982. As the college discouraged its students from showing publically before graduation, the show was partly a gesture of defiance. A slightly older colleague, Árni Ingólfsson, wrote an introduction to the show which may, in retrospect, be seen as a manifesto of sorts. He has the following to say about his friends' attitudes and subject matter: „(They) prefer to paint everyday occurrences and thoughts. Using pink, orange, blue, thin or thick paint. Old paper, bedsheets, house paint, you can use everything. Drunken girls, large genitalia, a devious moon and sea-monsters are all meant to convey what these young artists feel about the life that they lead. Working throughout the week in mental

hospitals or offices, at weekends they go to discotheques and party throughout the night. Result: Revolt, with everyone rebelling in his own way...”

According to the same writer these attitudes to life and art were a reaction to a „world of hypermedia and speed“. Even though the young artist is convinced that everything is subject to destruction and that there are no conclusive answers to the question of the meaning of life, he continues to break out of his isolation in his own personal way, continues to search for himself, „through the camera, through the mirror or with outside help.“ In new painting „the figure jumps out of the smooth surface of the canvas, as if demanding her freedom from the material enslaving her, ready to commune with her maker.“

The paintings that Tolli exhibited in the Nordic House show have not been preserved, except in somewhat washed-out reproductions in the catalogue. Nevertheless they manage to suggest that the young painter had much the same attitude to art and life as his contemporaries, except that his painterly approach seems to have been more down to earth and romantic than theirs. But this was all to change. At this stage Tolli's use of animal imagery is quite distinctive. In the catalogue, Árni Ingólfsson has this to say about such imagery: „Animals symbolize man's „otherness“, they stand for the range of human emotions“. In point of fact, animals continue to appear in Tolli's paintings well into the 1990s, mostly fish, birds, horses and sheep, not forgetting fantastic imaginary creatures.

The main difference between Tolli's youthful paintings and those of his contemporaries is that while the latter go for a deliberately illogical or surreal structures, witness the large number of paintings featuring people, objects or animals hovering in mid-space, upside down or flying any which way, Tolli posits his animal imagery in what looks like real space, with leaves and grass all around and clouds hovering in the background. Clearly, the former itinerant worker and activist had trouble shaking off the natural imagery he had experienced during his many years on the road.

## **Life among the fierce Germans**

Ironically, Tolli's stint as a graduate art student in the University of the Arts in Berlin in 1983-84, under the aegis of German „wild“ painter Karl-Horst Hödicke, only served to convince him to seek his subject matter close to home. Although Tolli only saw his teacher intermittently and very briefly, he was not totally immune to his way of working, as is clear from his paintings of 1983-88. Blue-black, slate-grey and generally tenebrous, Hödicke's palette has found its way into many of these paintings, along with his harsh, in-your-face structure and broad slashes of the brush. But Tolli's struggle to produce „real“ paintings seems to have provoked an existential dilemma in him. What was a young Icelandic painter supposed to paint anno 1985? Instead of letting himself be led blindly by international currents in painting, either German „fierce painting“ with its aggressive political content or the Italian transavantgardia, which emphasized personal mythologies, not forgetting British or American versions of New Expressionism, Tolli made the conscious decision to „stick with what he knew“. In a later interview he claims that his decision was prompted by his study of the work of older Icelandic painters: „They were creating mythologies out of their everyday reality, painting pictures of their houses, their watering holes, and the landscape surrounding them.“

During the early period of New Expressionism in Iceland, there were only two painters working from landscape, Tolli and Georg Guðni, each in his own distinctive way. „At that time painting landscapes was taboo, and not many painters of my generation bothered with it. It was considered old fashioned and a bit crummy.“ Nevertheless Tolli set to work combining personal imagery, mostly to do with his former life, and memories of landscape, seen or imagined, and found that it made for a „dynamic mixture“.

From the onset Tolli's approach to landscape is closely tied up with the idea of habitation. Almost alone amongst Icelandic painters he seems to have realized how his great predecessor, Jóhannes Kjarval, regarded the idea of „place“. For Kjarval a „place“ was not just a geographical and geological fact, but the sum of everything connected with it, in the

past as well as the present and everything that had happened in and around said „place“ in times past, in „real life“ and the „domain of the unreal“. Which is why Kjarval's landscapes sometimes contain references to elves or other supernatural beings that are supposed to reside there, profiles of the farmers who live in the vicinity or have lived there in the past, maybe also a sketch of the boy sent to bring the artist his lunch, perhaps a depiction of a harp or a stylized Viking long ship, which Kjarval seems to have regarded as symbols of the restless artist. Towards the end of the painting process the artist may sneak into his landscapes a drawing of a palette, thus affirming that he himself has become an integral part of the meaning of the „place“ depicted. Tolli might quite possibly also have come across Anselm Kiefer's views on landscape, strikingly similar to Kjarval's, where he states that once a tank regiment has been through a particular landscape, its meaning will be forever changed.

## Landscape and habitation

